

# HRAUNBÚINN

fréttabréf

1. tbl maí

2006

25. árg

## 66. Vormót Hraunbúa

2.-5. júní 2006

*„Aftur til fortíðar“*

Hið árlega Vormót Hraunbúa verður haldið hvítasunnuhelgina 2.-5. júní nk. Mótið verður að sjálf-sögðu haldið í Krýsuvík eins og síðustu ár. Þema mótsins er „Aftur til fortíðar“. Mótsstjórn skipa þau: Ingólfur Már Grímsson (mótsstjóri), Guðvarður B.F. Ólafsson (aðst. mótsstjóri), Birgir Snær Guðmundsson (tæknistjóri), Inga María Magnúsdóttir (fjármálastjóri) og Andri Már Johnsen, Ólafur Sigurgeirsson

og Þórólfur Kristjánsson (dagskrárstjórn).



Verð á mótið er 3900 kr. á mann í skátábúðum og dróttskátábúðum/vinnubúðum. Þeir sem eru í vinnubúðum geta síðan fengið 2.000 kr. endurgreiðslu eftir mótið ef þeir sinna sínu

hlutverki með sóma (Ath. það þarf að sækjast eftir því við mótsstjórn innan við viku eftir mótið). Innifalið í verðinu er dagskrá, mótsmerki, mótsbók og kvöldkaffi öll kvöldin. Verð fyrir fjölskyldubúðir er 1.000 kr. á tjald + 500 kr. á einstakling 9 ára og eldri. Svæðið opnar kl. 16 á föstudeginum og verður mótið sett kl. 21.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðu mótsins [www.hraunbuar.is/vormot](http://www.hraunbuar.is/vormot)



## Tiltektardagar

### Tekið til í Krýsuvík og í skemmu

Nú um helgina voru tveir góðir tiltektardagar hjá Hraunbúum. Byrjað var á

sem var búið að draga niður á bílastæðið. Einnig var gámurinn tekinn í

aðstoðuðu okkur og einnig þeim Nönnu og Salvöru fyrir yndislegar samlokur og skúffukökur.



því á laugardegnum að fara uppí Krýsuvík að hreinsa upp bruna-rústirnar og rífa A-skýlið

gegn og farið með rusl í bæinn. Dagurinn gekk mjög vel og viljum við þakka þeim sem komu og

Á sunnudeginum var svo haldið áfram að taka til en þá var ráðist á skemmuna og allt tekið og sett uppá gólf og því hent sem ekki er lengur í notkun. Í framhaldi af því verður gólfið svo þússað upp og málað og gert flott. Myndir frá báðum ferðunum eru á myndasíðu Hraunbúa.

## Munið vefsíðuna!

[www.hraunbuar.is](http://www.hraunbuar.is)

## Ylfingamót á Úlfljótuvatni

Nú fer undirbúningur sveita fyrir ylfingamót að hefjast og margir orðnir rosa spenntir, því þetta er tíunda ylfingamótið sem er haldið. Mótið verður á Úlfljótuvatni og er fyrir krakka fædda '95 - '96. Vegna fjölda áskoranna mun mótið vera í tvær nætur eða frá föstudegi til sunnudags.

Mótsgjaldið er kr. 4.500.- fyrir ylfinga, innifalið í því er gisting, kvöldmatur á laugadagskvöldi, bolir, mótsbók og annar kostnaður. Staðfestingargjald er kr. 1.500.- og fæst ekki endurgreitt. Systkina-afsláttur er 20% fyrir annað barn og 40% fyrir þriðja systkinið. Gjald fyrir starfsmenn og foringja er kr. 1.500.- Fyrir

hverja 10 ylfinga er eitt frítt starfsmanna gjald. Skilafrestur þátttökutilkynninga er mánudaginn 22. maí. Vinsamlegast virðið það.

*Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Hraunbyrgis í síma 565-0901 og á [www.hraunbuar.is](http://www.hraunbuar.is)*

**Útilífsskóli Hraunbúa**

Í sumar munu fram á kvöld.

Hraunbúar bjóða

uppá, eins og síðustu

ár, útilífsnámskeið.

Námskeiðin eru fyrir

krakka á aldrinum 8 -

11 ára (fædd. '95 -

'98) Námskeiðin byg-

gjast upp á útivist í

starfi og leik, þar

verður m.a. klifrað,

sigið, farið í leiki,

útiöldun, náttúru-

skoðun, kanó, ratleik

og margt fleira. Á

fjórum námskeiðum

af sex verður farið í

útilegu á Hvaleyrar-

vatn yfir eina nótt (frá

fimmtudegi - föstuda-

g s ) .

Á námskeiðunum

sem ekki verður farið

í útilegu verður farið í

dagsferð í lok vikun-

nar og verður hún

**1. námskeið:**

12. - 16. júní

(ekki útilega)

**2. námskeið:**

19. - 23. júní

**3. námskeið:**

26. - 30. júní

**4. námskeið:**

3. - 7. júlí

(ekki útilega)

**5. námskeið:**

10. - 14. júlí

**6. námskeið:**

17. - 21. júlí

Nánari upplýgingar er

hægt að nálgast á

www.hraunbuar.is, í

síma 565-0901 eða

tölvupóst utilifs-

skoli@hraunbuar.is

**Á döfinni****2. júní 2006:**

Vormót Hraunbúa

**4. júní 2006:**

Skátaskeyti

**9. júní 2006:**

Ylfingamót

**17. júní 2006:**

Þjóðhátíðardagur

Íslendinga

**22. júní 2006:**

Landnemamót

**8. ágúst 2006:**

Nordjamb 2006

**Vissir þú ...**

...að Hraunbúar hafa haldið Vormót á hverju ári frá 1939

...að hraunbuar.is er einn elsti skátavefur á landinu

...að Hraunbúar eru 81 árs

...að félagsforingi

Hraunbúa heitir

Guðvarður B.F. Ólafsson

...að Tölvuálfar eru bestir!

**Skráning er hafin á Vormót!**

**www.hraunbuar.is/vormot**

## Viðtal við Frederic, annan af tveimur sjálfboðaliðum

---

Frederic Janssens er annar sjálfboðaliðanna sem eru hérna hjá okkur núna í ár. Við tókum viðtal við hann og spurðum hann úti dvölinna hér á Íslandi.

### Hvenær komstu til Íslands og hvenær ferðu aftur?

Ég kom til landsins 9. janúar á þessu ári, ég á að fara aftur heim 15. desember en ég verð hér fram yfir áramótin.

### Hvaðan ertu?

Litlu þorpi í Belgíu sem heitir Alken.

### Hvað ertu búinn að vera lengi skáti?

Vá..síðan ég var 12 ára svo það eru 8 ár.

### Hvað finnst þér skemmtilegast við Ísland?

Erfið spurning, en ég myndi vilja segja nát-

túran en fólkið hér er líka svo gott við mig. Miklu opnara en fólkið í Belgíu. Svo er



auðvitað skátastarfið á Íslandi frábært.

Yndislegt!

### Hvernig finnst þér að vinna á Úlfjótuvatni?

Frábær staður til að vinna með börnum, er bara eins og risastór leikvöllur fyrir þau. Og að sjálfsgöðu er allt fólkið sem er að vinna þarna líka alveg frábært.

### Hver eru áhugamál þín?

Ég elska að klifra og ganga að sjálfsgöðu. Ferðamennska er eiginlega það sem ég lifi fyrir og að sjálfsgöðu skátarnir!

### Þú villtist í Ds. Göngunni, hvernig leið þér?

Mjög skemmtileg tilfinning held ég, krefjandi verkefni að finna útúr því hvar ég væri og koma mér á rétta slóð.

### Eitthvað að lokum?

Mér líkar mjög vel við að vera hérna og taka þátt í íslensku skátastarfi.